

## FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2021, mánudaginn 23. ágúst, var haldinn 45. fundur, fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í fjarfundi í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 15:01. Fundinn Sátu: Sabine Leskopf. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Renata Emilsson Peskova, og Ragnhildur Alda Vilhjálmssdóttir.

Achola Otieno ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 12. ágúst 2021, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi m.a. vegna notkun fjarfundabúnaðar, ásamt fylgiskjölum. R18060129
2. Lagt fram bréf fundar borgarstjórnar dags. 15. júní 2021 þar sem samþykkt var að Jórunn Pála Jónsdóttir taki sæti sem varamaður í fjölmeningarráði í stað Ragnhildar Öldu Vilhjálmssdóttur. R18060104
3. Lagt fram bréf Sameykis dags. 16. ágúst 2021, þar sem Nick Ward tekur sæti sem aðalfulltrúi í fjölmeningarráði í stað Tui Hirv. R21010114
4. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálsviðs dags. 5. ágúst 2021, um umsagnarbeiðni um drög að menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030. R21080014

Samþykkt að fela formanni fjölmeningarráðs að klára umsögn fjölmeningarráðs um drög að menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030, í samræmi við umræðu fundarins.

- Kl. 15.20 tekur Anna Kristinsdóttir sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.
- Kl. 15.30 tekur Shelagh Smith sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

Signý Leifsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

5. Lagt fram bréf mannréttinda - og lýðræðisskrifstofu dags. 17. ágúst 2021, um umsagnarbeiðni um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030. R18010207

Samþykkt að fela formanni fjölmeningarráðs að klára umsögn fjölmeningarráðs um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030, í samræmi við umræðu fundarins.

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Lagt fram bréf mannréttinda - og lýðræðisskrifstofu dags. 3. ágúst 2021, um umsagnarbeiðni um tillögu stýrihóps um innleiðingu íbúaráða. R19100342

Samþykkt að fela formanni fjölmeningarráðs að klára umsögn um tillögu stýrihóps um innleiðingu íbúaráða í samræmi við umræðu fundarins.

7. Lögð fram umsögn fjölmeningarráðs dags. 23. júní 2021, um Heilsuborgina Reykjavík - lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar til 2030. R19110027

**Fundi slitið kl. 16:50**